

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um biðlista flóttabarna eftir skólavist

Á fundi borgarráðs, 26. janúar 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

Alls bíða nú 55 börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd eftir að hefja grunnskólagöngu. Nokkur barnanna eru í Reykjavík. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hver staða þeirra barna er sem bíða eftir að hefja skólagöngu í Reykjavík og þá er helst spurt hvort fjölskyldur þeirra séu að fá sérstaka aðstoð á meðan beðið er og hvort börnin eru að fá einhverja heimkennslu.

Svar:

Umsókn í grunnskóla og móttökuferli þar tekur nokkra daga. Unnið er samkvæmt Velkomin í hverfið þitt móttökuáætlun leik- og grunnskóla með aðkomu þjónustumiðstöðvar og frístundastarfs.

Öll börn sem eru í umsóknarferli um alþjóðlega vernd og hafa lokið læknisskoðun fara annað hvort beint í stoðdeild Birtu, deild fyrir þá sem sækja um alþjóðlega vernd eða í skólaúrræði fyrir nemendur frá Úkraínu eða í námsver fyrir úkraínsk börn í Vesturbæjarskóla. Þeir nemendur sem fara í þessi tvö úrræði flytjast í sinn heimaskóla um leið og þau eru komin með stöðu flóttamanna og fasta búsetu.

Frá því að umsókn berst til deildarstjóra stoðdeildar Birtu er afgreiðslan yfirleitt um tveir til þrjú dagar þar til barnið hefur skólagöngu, jafnvel styttri en það veltur á túlkajónustu. Sá tími er eðlilegur miðað við móttökuferli grunnskóla Reykjavíkur samkvæmt verkefninu Velkomin í hverfið þitt móttökuáætlun leik- og grunnskóla með aðkomu þjónustumiðstöðvar og frístundastarfs.

Þann 3. febrúar 2023 var svar frá Samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðateymi Reykjavíkur 3. febrúar 2023 voru engin börn í umsóknarferli um alþjóðlega vernd að bíða eftir skólavist. Biðtími er 1 til 2 vikur, starfsmenn í teyminu sækja um skólavist fyrir börn um leið og þau koma í þjónustu og mæta síðan með forsjáraðilum og börnum í innritunarviðtal.

Vinumálastofnun er að þjónusta barnafjölskyldur með stöðu flóttafólks sem búa í Reykjavík. Þann 6. febrúar 2023 voru sex börn sem bíða eftir að komast í grunnskóla í Reykjavík á vegum Vinnumálastofnunnar og þrjú þeirra eru í innritunarferli í stoðdeildina Birtu. Afgreiðsla hjá Vinnumálastofnun ríkisins hefur dregist aðeins síðustu vikurnar.